


10.3.04  
HEILBRIGDISEFTIRLIT  
OG KÖPAVOCSSVÆÐIS  
Gardaorgel - 210 Garðabæ

TAKN Á  
ELDVARNARUPPÞRETTI  
(BS1) BRUNSAMSTÆÐA  
ELDRIFJANDI  
VEGGUR  
E-C530 HURDIR C = Sjálflokandi  
Reykþétt  
UT MERKTUR OG NEYDARLÝSTUR  
ÓTGANGUR  
BRUNASLANGA  
STJÓRNSTÓÐ  
BRUNAVÖÐURARKERFIS  
VELDEN LOFTRETING ER Í LOKUDUM RÝMUM.  
REYKSKYNJARAR ERU Í HVERJU HERBERGI TENGDIR SJÁLFRVIRKU BRUNAVÖÐURARKERFI.

Úr Gildi



**Grunnmynd 2. hæðar**

**Byggingarlýsing:**

**Starfsemi:**  
Á 1. hæð í húsinu verður móttaka, skrifstofa með tölvudeild, prentsmiðja og lager, á 2. hæð verður skrifstofa, matsalur og starfsmannarými. Aðlað er að ca. 10-15 manns vinnu á skrifstofu á 1. hæð, 20 manns í prentsal og 15-20 á skrifstofu á 2. hæð.

**Burðarvirki og einangrun:**  
Húsið er allt stálgrindarhús á steyptum undirstæðum. Sökklar eru einangraðir með 7,5 cm einangrun og fylltir með þjöppuðu frostríu fyllingarefni. Aðlað er að ca. 10-15 manns vinnu á skrifstofu á 1. hæð, 20 manns í prentsal og 15-20 á skrifstofu á 2. hæð.

**Burðarvirki og einangrun:**  
Húsið er allt stálgrindarhús á steyptum undirstæðum. Sökklar eru einangraðir með 7,5 cm einangrun og fylltir með þjöppuðu frostríu fyllingarefni. Botnplata er staðsteypt og einangruð með 7,5 cm einangrun. Milliplata er staðsteypt á trapustúli og borin upp af stálbitum og stálsúlum (multideck). Útveggir eru þrjú samlokustúlaeiningar viðurkenndar af Brunamálastofnun Íslands. Þak er uppbyggt á stálása, 20 cm steinnull og klætt með þakdúk eða þakpappa. Veggir og loft skrifstofu og þjónusturýmis eru einangraðir að innan með 5 cm steinnull og klæddir með tvöföldu gipsi.

**Kólinunartölur:**

Prentsmiðja og skrifstofurými skal uppfylla kólinunartölur fyrir hús sem er með innihitastigi 18 gráður C og meira.

**Kólinunartölur:**  
Þak: 0,2  
Útveggur: 0,3  
Gluggar: 2,0  
Hurðir: 3,0  
Gólf: 0,3

**Litir og áferð utanhúss:**  
Útveggir eru klæddir með lúðrætti og lúðrætti silfurgrári málmklæðningu. Þakantur er silfurklætt stál. Glær er spegillær og ógluggar og hurðir eru bláar og allt stálvirki er grátt ráf 7039.

**Brunavarnir:**  
Brunavarnir hússins hafa verið yfirfarnar af VSI (Gunnar Kristjánssyni verkfr.), verk nr. 03-143.

**Brunasamstæður:**  
Húsið skiptist í tvær brunasamstæður. Lager er ein brunasamstæða, alls u.p.b. 428 m². Prentsalur og skrifstofur myndu eina brunasamstæðu, alls u.p.b. 2135 m². Aðskilnaður milli prentsalur og lagers er með a.m.k. RE190 vegg og a.m.k. AE1-C60 hurð. Gerðar verða sérstakar ráðstafanir í útteggjaskilum m.t.t. brunasamstæðuhöfundar og brunahöfundar.

**Brunahöf:**  
Aðskilnaður milli skrifstofa og prentsalur er með a.m.k. RE160 vegg og AE1-C60 hurð. Prentsalur er sér brunahöf. Skrifstofur á neðri hæð eru í sér brunahöf. Lyftarahleðsla í lager er sér brunahöf. Rafmagnsherbergi í prentsal er sér brunahöf. Stjórnstóð er sér brunahöf. Skrifstofur á efri hæð eru í sér brunahöf. Matsalur á efri hæð er í sér brunahöf.

**Burðarvirki:**  
Burðarvirki hússins eru stálburðarvirki. Brunamótstöða burðarvirka verður a.m.k. R60 í lager og skrifstofum. Brunamótstöða burðarvirka í brunasamstæðuskilum verður a.m.k. R90. Brunamótstöða lúðrætra burðarvirka í prentsal verður a.m.k. R60 upp í a.m.k. 4 metra hæð. Hæðaskil verða a.m.k. RE160.

**Klæðningar:**  
Klæðningar (utan- og innahúss) verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Útveggir eru þá úr PIR einingum. Þær skulu vera viðurkenndar af BR. Útveggir verða klæddir að innan í skrifstofuhluta með klæðningum í flokki 1.

**Flóttaleiðir:**  
Frá lager eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir í sitt hvorum enda. Frá prentsal eru a.m.k. fjórar flóttaleiðir, tvær ó hvort langhlíð. Frá skrifstofum á fyrstu hæð eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir, þær af er önnur flóttaleiðin inn í prentsal og út. Flóttaleiðir frá skrifstofum á efri hæð eru annars vegar um stigahús og út og hins vegar inn í prentsal og þaðan út. Hvergi er lengra en 25 metrar í útgang eða annað brunahöf.

**Brunavöðurarkerfi:**  
Viðurkennt númerað brunavöðurarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍSTEN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð brunavöðurarkerfis ásamt yfirlitamynd verður í anddyri hássins.

**Reyklosun:**  
Lager verður útbúinn með auðbrennanlegum þakglögum í þaki, sem eru u.p.b. 5 % af gólfplatarmáli (u.p.b. 20 m²). Þar af verða a.m.k. 4 m² opnanlegar og tengdar brunavöðurarkerfinu. Prentsalur verður útbúinn með auðbrennanlegum þakglögum í þaki, sem eru u.p.b. 5 % af gólfplatarmáli (u.p.b. 70 m²). Þar af verða a.m.k. 6 m² opnanlegar og tengdar brunavöðurarkerfinu. Reyklúgur hafa að hluta til verið ákveðnar með hlöðsón af "Melding HO-3/2000 (Rökventilásjón)". Í anddyri skal vera stjórnstöð þaðan sem hægt verður að opna opnanlegar reykgluggarnar. Stjórnstöðin skal útbúin með vararafmagn.

**Slöngukefli og slökkvitæki:**  
Slöngukefli og slökkvitæki verða sett upp í öllu húsinu. Slöngukeflin verða sett upp þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en auk þess vera staðsett í eldhetturýmum (t.d. rafmagnsherbergi, lyftarahleðslu og matsal). Viðeigandi merkingar skulu vera við slökkvitækin.

**Ót- og neyðarlýsing:**  
Ót- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍSTEN1838. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum (við útganga) en 0,5 lux á opnum svæðum (skrifstofum, prentsal og lager).

BREYTT

**Prentsmiðja og skrifstofur**

**Steinhella 10, 221 Hafnarfirði**

GRUNNMYND 2.HÆÐAR KVARDI: 1:100

DAGS.: 09.03.2004 STADF.: BURDARPOL

HANNAÐ: DKK | TEIKNAD: DKK | YFIRF.: NEFNUMER 2  
110. HÖNDUÐUR  
280. 037. 0111  
030. 034. 3000  
E-MAIL:  
davidkarlsson@bfi.is  
FÖ. 033100-0330

**David Karlsson**  
Byggingafræðingur BFI

03